

1912

Þriðjudaginn 28. maí 1996.

Nr. 202/1996.

Þorsteinn Laufkvist Þorsteinsson

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Laufeyju Elsu Sólveigardóttur

(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1996, þar sem orðið var við kröfu varnaraðila um, að erfðaskrá Laufeyjar Guðmundsdóttur frá 11. janúar 1989 yrði metin gild við skipti á dánarbúi hennar. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að „plagg það“, sem varnaraðili telji vera erfðaskrá, „verði metið ómerkt og óskuldbindandi fyrir dánarbúið“, auk þess, að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, en þó því aðeins, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

I.

Laufey Guðmundsdóttir, sem var fædd 12. janúar 1903, lést 25. september 1994. Samkvæmt gögnum málsins er sóknaraðili sonur hennar og eini lögerfingi. Í málinu deila aðilar um rétt varnaraðila til arfs á grundvelli fyrrnefndrar ráðstöfunar hinnar látnu frá 11. janúar 1989, en varnaraðili er dóttir sóknaraðila.

Fyrirsögn skjalsins, sem aðila greinir á um, er „Almenn erfðaskrá“. Í meginmáli þess er kveðið á um ráðstöfun Laufeyjar heitinnar á risibúð að Langholtsvegi 159 í Reykjavík til varnaraðila, og er tekið fram, að hún sé þriðjungur eigna arfleiddandans. Segir síðan í

skjalinu: „Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist tveggja votta, sem sérstaklega eru til þess kvaddir að votta erfðaskrána, og skal hún færð inn í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal vera jafngilt frumriti erfðaskrárinnar. Vottar: að fjárræði, dagsetningu og undirskrift arfleifanda, andlegri heilbrigði og hæfi til að gera erfðaskrá.“ Með þessu lýkur meginmáli skjalsins, en þar fyrir neðan, við undirritun arfleifandans, er greint, að hún hafi farið fram í Reykjavík á fyrrnefndum degi. Neðan við nafnritun arfleifandans stendur síðan „vottar:“ og eru eingöngu þar við undirskriftir Guðrúnar Auðunsdóttur og Elísu Sigurðardóttur ásamt nafnnúmerum þeirra.

Í málinu vefengir sóknaraðili gildi þessa skjals sem erfðaskrár. Ber hann því annars vegar við, að skjalið liggja eingöngu fyrir í ljósriti og sé frumrit þess sagt vera glatað. Dregur hann í efa, að undirritunin stafi í reynd frá Laufeyju heitinni. Hins vegar heldur sóknaraðili því fram, að Laufey hafi ekki verið svo á sig komin andlega, að hún hafi fullnægt hæfisskilyrðum 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962 til að gera erfðaskrá á umræddum tíma.

II.

Eintakið af erfðaskrá Laufeyjar Guðmundsdóttur, sem liggur fyrir í málinu, ber með sér staðfestingu sýslumannsins í Reykjavík um, að það sé rétt ljósrit skjals í vörslum þess embættis. Efst á skjalinu er að sjá áritun lögbókandans í Reykjavík um, að hann hafi tekið við eintaki skjalsins, sem ljósritið er af, 23. janúar 1989. Má því telja sýnt, að skjalið hafi að minnsta kosti á þeim degi verið til í þeirri mynd, sem það liggur fyrir í málinu.

Fyrir dómi staðfesti Elísa Sigurðardóttir, sem ritaði, eins og áður greinir, nafn sitt sem vottur á skjalinu, að Laufey heitin hafi ritað nafn sitt undir það í viðurvist hennar, og sé það undirskrift hennar, sem megi sjá á fyrirbyggjandi ljósriti. Hinn votturinn, Guðrún Auðunsdóttir, kvaðst fyrir dómi ekki minnast þess, hvort Laufey hefði ritað undir skjalið að sér viðstaddri. Hún taldi sig þó geta staðfest, að undirskriftin væri „ábyggilega“ frá Laufeyju komin.

Sóknaraðili verður að bera sönnunarbyrði fyrir því, að staðhæfing hans um, að Laufey Guðmundsdóttir hafi ekki sjálf ritað nafn sitt undir umrætt skjal, sé á rökum reist. Til stuðnings þessari staðhæfingu, sem stangast á við fyrrnefndan framburð Elísu Sigurðardóttur,

hefur sóknaraðili ekki fært fram nein gögn. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu hans.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. erfðalaga skal erfðaskrá vera skrifleg og arfleiddandi undirrita hana eða kannast við undirskrift sína fyrir lög-bókanda eða tveimur vottum. Kjósi arfleiddandi að leita staðfestingar tveggja votta á gerð erfðaskrár, ber að gæta ákvæða 42. gr. laganna um vottorð á henni, sem þeir standi að. Segir þannig í upphafi 1. mgr. þeirrar greinar, að arfleiddsluvottar skuli geta þess í vottorðinu, að arfleiddandi hafi kvatt þá til að votta arfleiddsluna, hann hafi ritað undir eða kannast við hana að þeim báðum viðstöddum og þeim sé kunnugt um, að gerningurinn sé erfðaskrá. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. erfðalaga skulu arfleiddsluvottar einnig geta þess, hvort arfleiddandi hafi verið svo heill heilsu, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Áskilið er loks í 3. mgr. ákvæðisins, að vottarnir staðsetji og dagsetji vottorð sitt og tiltaki nákvæmlega, hvenær arfleiddandi hafi ritað undir eða kannast við arfleiddslu sína.

Greint er hér að framan frá texta í meginmáli erfðaskrár Laufeyjar Guðmundsdóttur um vottun hennar svo og frá formála við nafnritanir hinna tveggja umræddu votta. Textinn í meginmáli erfðaskrárinnar tekur ekki til allra þeirra atriða, sem geta ber um í arfleiddsluvottorði samkvæmt ofangreindri lýsingu á efni 42. gr. erfðalaga, og um sum atriðin, sem þar er þó getið, er textanum áfátt. Þá er ótalinn sá megingalli, að á skjalinu er ekkert eiginlegt vottorð frá vottunum, þar sem þeir geri beinlínis að sínum orðum þau atriði varðandi vottun, sem um ræðir í texta erfðaskrárinnar. Er því þegar af þessum ástæðum ekki unnt að líta svo á, að fullnægjandi arfleiddsluvottorð samkvæmt 42. gr. erfðalaga hafi verið fært á erfðaskrána. Af þessum sökum og með vísan til 2. mgr. 45. gr. erfðalaga hvílir sönnunarbyrði á varnaraðila fyrir því, að Laufey Guðmundsdóttir hafi fullnægt hæfisskilyrðum samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna við undirritun erfðaskrárinnar.

IV.

Í vottorði yfirlæknis öldrunarlækningadeildar Landspítalans frá 30. maí 1995, sem tekur fram, að það sé ritað eftir gögnum deildar-

innar, er greint frá því, að Laufey Guðmundsdóttir hafi fyrst verið skoðuð á deildinni 10. janúar 1989, en þangað hafi henni verið vísað til rannsóknar á „heilabilunareinkennum (dementiu)“. Segir í vottorðinu, að fram komi í sjúkrasögu, að tveimur árum áður hafi „farið að bera á áttunarleysi, ranghugmyndum og minnisskerðingu, sem virtist fara hægt í vöxt“. Er síðan greint frá eftirfarandi: „1987 voru teknar tölvusneiðmyndir af henni vegna vaxandi rugls. Innritaðist á dagspítala öldrunarlækningadeildar 28. 2. 89. Komu þar fram veruleg merki um heilabilun og skerðing á ýmsum prófum á vitrænni starfsemi, sem notuð eru til greiningar á skertri heilastarfsemi. Mikil heyrnarskerðing torveldaði þó framkvæmd slíkra prófa að nokkru. Hún gat ekki séð um athafnir daglegs lífs, svo sem persónuleg þrif eða matseld.“ Í lok vottorðsins kemur fram, að Laufey hafi lærbrotnað í janúar 1990. Hafi heilabilunareinkenni versnað eftir það og hún verið flutt á hjúkrunarheimili að Kumbaravogi þá um vorið.

Í skýrslu varnaraðila fyrir dómi kvað hún ömmu sína hafa um árabíl rætt um, að varnaraðili ætti að eignast íbúðina að Langholtsvegi 159, en ekkert hafi verið gert til að ganga formlega frá því fyrr en árið 1989. Varnaraðili kvaðst sjálf hafa viljað ljúka frágangi á þessu og oft verið búin að ræða um það við ömmu sína. Í aðilaskýrslunni lýsti varnaraðili vottunum á erfðaskránni sem vinkonum sínum. Er það í samræmi við framburð vottanna.

Fyrir dómi greindi eiginmaður varnaraðila þannig frá aðdragand-anum að gerð erfðaskrárinnar, að varnaraðili „fór þess á leit við ömmu sína, að hún vildi láta verða af því að gera erfðaskrá, sem hafði lengi verið í bígerð, nánast löngu áður en við Laufey hittumst, og það var drifið í þessu, það var Laufey sem spurði ömma sína að fyrra bragði, hvort það væri ekki tímabært að gera erfðaskrá, og það var gert“. Þá staðfesti eiginmaður varnaraðila, að hann hefði samið texta erfðaskrárinnar.

Þegar litið er til sjúkrasögu Laufeyjar heitinnar, eins og henni er lýst í fyrrgreindu læknisvottorði, aðdragandans að gerð erfðaskrárinnar og þeirra tengsla, sem voru á milli varnaraðila og vottanna að erfðaskránni, þykir ekki nægilega sannað af hendi varnaraðila, að Laufey hafi 11. janúar 1989 verið svo heil heilsu andlega, að hún hafi verið fær um að gera erfðaskrána á skynsamlegan hátt, sbr. 2. mgr.

34. gr. erfðalaga. Verður því að taka til greina kröfu sóknaraðila á þann hátt, að erfðaskráin verði metin ógild við skipti á dánarbúi Laufeyjar Guðmundsdóttur og arfskröfu varnaraðila í dánarbúið þar með hrundið.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður falli niður, en ákvæði hins kærða úrskurðar um gjafsóknarkostnað varnaraðila skulu vera óröskuð.

D ó m s o r ð:

Tekin er til greina krafa sóknaraðila, Þorsteins Laufkvist Þorsteinssonar, að erfðaskrá Laufeyjar Guðmundsdóttur frá 11. janúar 1989 verði metin ógild við skipti á dánarbúi hennar, og er hrundið arfskröfu varnaraðila, Laufeyjar Elsu Sólveigar-dóttur, á grundvelli erfðaskrárinnar.

Málskostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um gjafsóknarkostnað skulu vera óröskuð.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1996.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 10. apríl sl. Það er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 1. mars 1995, krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess, að bú Laufeyjar Guðmundsdóttur, kt. 120103-3859, er andaðist 25. september 1994 og síðast var til heimilis að Langholtsvegi 159, yrði tekið til opinberra skipta, með vísan til 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Bréfi sýslumannsins fylgdi ljósrit af erfðaskrá Laufeyjar frá 11. janúar 1989, en samkvæmt henni arfleiðir hún sonardóttur sína, Laufeyju Elsu Þorsteinsdóttur, kt. 050855-5899, nú til heimilis að Sigtúni 21 í Reykjavík, að þriðjungi eigna sinna, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar. Upphaflega var kveðinn upp úrskurður í máli þessu 20. júní sl., en hann var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 8. september sl. og málinu vísað frá héraðsdómi.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði 26. september sl., að búið skyldi tekið til opinberra skipta, og skipaði Magnús Hauk Magnússon hdl. skiptastjóra. Á skiptafundi, er hann hélt 25. október sl., kom fram, að ágreiningur er um gildi erfðaskrárinnar, og vísaði skiptastjórinn honum til dómans. Ákveðið var, að aðild málsins yrði með þeim hætti, að sóknaraðili yrði framangreind Laufey Elsa, er nú kennir sig við móður sína og er Sólveigar-

dóttir, og varnaraðili, framangreindur Þorsteinn Laufkvist, sem búsettur er í Bandaríkjunum.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að erfðaskráin verði metin gild og þar með réttur sóknaraðila til arfs á grundvelli hennar. Þá er krafist málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en sóknaraðila var veitt gjafsókn í málinu 21. desember sl.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að „plagg það, sem kemur fram á dskj. nr. 4 í máli þessu og sóknaraðili telur vera arfleiðsluskrá Laufeyjar Guðmundsdóttur, verði metið ómerkt og því talið óskuldbindandi fyrir dánarbúið og gagnvart varnaraðila, sem er einkabarn Laufeyjar Guðmundsdóttur og einkaerfingi hennar“. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málavextir.

Erfðaskráin, sem um er deilt í málinu, ber yfirskriftina: Almenn erfðaskrá, og er texti hennar svohljóðandi: „Ég, Laufey Guðmundsdóttir, 6036-4907, Langholtsvegi 159, Reykjavík, geri hér með svofellda erfðaskrá um ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Risíbúð fasteignarinnar Langholtsvegur 159, Reykjavík, það er þriðjungur eigna arfleifanda, skal sonardóttir mín, Laufey Elsa Þorsteinsdóttir, 6051-8157, Langholtsvegi 159, Reykjavík, erfa.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist tveggja votta, sem sérstaklega eru til þess kvaddir að votta erfðaskrána, og skal hún færð inn í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal vera jafngilt frumriti erfðaskrárinnar.

Vottar: að fjárræði, dagsetningu og undirskrift arfleifanda, andlegri heilbrigði og hæfi til að gera erfðaskrá.

Reykjavík, 11. janúar 1989.
Laufey Guðmundsdóttir.

VOTTAR: Guðrún Auðunsdóttir,
3221-3146
Elísa Sigurðardóttir,
2018-8278.“

Texti erfðaskrárinnar er vélritaður aftur að dagsetningu, en hún og það, sem á eftir kemur, er allt handskrifað. Frumrit erfðaskrárinnar hefur ekki fundist, heldur liggur hún frammi í málinu í ljósriti. Það ber með sér að hafa borist 23. janúar 1989 lögbókanda í Reykjavík, en erfðaskráin mun ekki hafa verið færð í notarialbók.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að erfðaskráin, sem um er deilt í málinu, sé fullkomlega löglegur erfðagerningur og fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Í málinu liggja fyrir, að tveir vottar hafi vottað, að Laufey Guðmundsdóttir hafi bæði verið andlega hæf til að gera erfðaskrána og gert sér fullkomlega grein fyrir efni hennar. Þá hafi vottarnir enn fremur verið viðstaddir undirritun skrárinnar og staðfest fyrir dómi, að um sé að ræða nafnritun Laufeyjar.

Í 41. gr. erfðalaga sé kveðið á um það, hverjir séu votthæfir að erfðaskrá. Samkvæmt þeim skilyrðum, sem gerð eru til arfleiðsluvotta, sé ljóst, að vottarnir að erfðaskránni fullnægi þeim skilyrðum og séu því votthæfir samkvæmt erfðalögum. Yfirlýsing arfleiðsluvottanna sé því fullnægjandi um þau atriði, er greini í 42. gr. erfðalaga, og skuli hún því talin rétt, nema sá, sem rengi erfðaskrána, sýni fram á annað, sbr. 2. mgr. 46. gr. sömu laga.

Um arfleiðsluhæfi Laufeyjar Guðmundsdóttur verði að leggja til grundvallar framburð arfleiðsluvottanna. Þá beri einnig að líta til framburðar Jóns Snædal læknis, er hafi skoðað Laufeyju daginn áður en erfðaskráin var gerð. Læknarnir Magnús Þór Sigurðsson og Þór Halldórsson hafi ekki séð Laufeyju fyrr en tæpum tveimur árum eftir að erfðaskráin var gerð. Framburður þeirra segi því lítið sem ekkert um andlegt ástand og heilsu hennar á sama tíma og erfðaskráin var gerð, gagnstætt framburði Jóns Snædal, sem sé í samræmi við framburð arfleiðsluvottanna svo og vitna.

Sóknaraðili bendir á, að mál þetta fjalli um erfðaskrá Laufeyjar Guðmundsdóttur, er hafi með henni arfleitt sóknaraðila, sonardóttur sína, að íbúð þeirri, er sóknaraðili bjó í á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð. Sóknaraðili hafi alist upp hjá Laufeyju og búið hjá henni lengst af og hugsað um hana í ellinni. Ljóst sé, að Laufey hafi lítið á sóknaraðila sem eigin dóttur og borið velferð fjölskyldu hennar mjög fyrir brjósti. Með erfðaskránni hafi hún viljað tryggja hagsmuni sóknaraðila, er ekki hafi gengið heil til skógar vegna sjúkdóms, er hún hafi fengið á ungaaldri. Þá bendir sóknaraðili á, að í framburði annars arfleiðsluvottsins hafi komið fram, að Laufey hafi oft sagt, að sóknaraðili ætti að fá íbúðina, þar eð hún ætti ekkert. Þess sé og að geta, að á þessum tíma hafi varnaraðili verið erlendis og lítið samband haft við móður sína og dóttur, þ. e. sóknaraðila.

Erfðaskráin, sem hér sé deilt um, sé einföld og skýr að efni til og í samræmi við fyrri yfirlýsingar Laufeyjar Guðmundsdóttur. Erfðaskráin sé ekki tortryggileg á neinn hátt, og þegar haft sé í huga samband Laufeyjar og sóknaraðila, verði að telja, að þessi ráðstöfun hafi verið eðlileg og skynsamleg. Erfðaskráin fullnægi skilyrðum VI. kafla erfðalaga, bæði um form og arfleiðsluhæfi, og beri þar af leiðandi að meta hana gilda.

Varnaraðili bendir á, að Laufey Guðmundsdóttir hafi ekki undirritað ljósrit það, er liggur frammi í málinu sem erfðaskrá hennar. Kveðst varnaraðili ekki kannast við undirritun móður sinnar á þessu plaggi. Þá bendir hann á, að engin athugun rithandarfræðinga hafi farið fram og ekki sé komin fram lögfull sönnun fyrir því, að um eiginhandarnafnritun Laufeyjar sé að ræða.

Þá heldur varnaraðili því fram, að nánast öruggt megi telja, að engar líkur séu á því, að Laufey Guðmundsdóttir hafi ritað nafn sitt undir erfðaskrá samhljóða ljósritinu, sem liggur frammi í málinu. Það sé komið fram, að sóknaraðili hafi um margra ára, jafnvel áratugaskeið, reynt að fá Laufeyju, fyrst til að ættleiða sig og síðan til að arfleiða sig. Tilraunin til ættleiðingar hafi að sögn sóknaraðila strandað á því, að Laufey hafi ekki viljað taka föðurréttinn af syni sínum, en margítrekaða synjun um arfleiðslu taldi sóknaraðili stafa af því, að Laufey hefði verið þannig, að ef hún færi að gera einhverjar ráðstafanir, myndi henni finnast sem hún væri komin hálfu leið ofan í gröfina. Kveðst varnaraðili halda því fram, að sóknaraðili hafi reynt árum eða áratugum saman að fá Laufeyju til að arfleiða sig, en þær tilraunir strandað á óbifanlegri andstöðu hennar. Þá bendir varnaraðili á, að sóknaraðila hafi ekki tekist að sanna, að það hafi verið vilji Laufeyjar, að sóknaraðili fengi risibúðina. Varnaraðili kveðst ekki einu sinni hafa vitað um arfleiðslugerninginn fyrr en eftir andlát móður sinnar og aldrei heyrt um það frá einum eða neinum, að risibúðin væri ætluð sóknaraðila. Einu aðilarnir, sem staðfesta þetta með sóknaraðila, séu arfleiðsluvottarnir, en þær geti vart talist trúverðug vitni, þegar litíð sé til tengsla þeirra við sóknaraðila.

Þá bendir varnaraðili á, að í janúar 1989 hafi Laufey Guðmundsdóttir ekki verið fær um að gera arfleiðsluskrá, og vitnar í því sambandi til framburðar lækna fyrir dómi svo og til vottorða þeirra. Vætti arfleiðsluvottanna um ástand Laufeyjar sé í hróplegu ósamræmi við vottorð og framburð læknanna. Enn fremur er skírskotað til þess, að læknir sá, er skoðaði Laufeyju, skömmu áður en erfðaskráin var gerð, geti ekkert borið um hæfi hennar til þess að gera erfðaskrá, þar eð slíkt hafi aldrei borist í tal á milli þeirra. Aðalinntak vættis læknisins sé, að Laufey hafi verið viljaföst í fastmótudum skoðunum sínum, staðið við þær þrátt fyrir heilaskerðingu og verið sjálfri sér samkvæm. Ekki sé um það að ræða, að hann votti hæfi hennar til þess að taka nýjar ákvarðanir og allra síst, þar sem um slíka kúvendingu hafi verið að ræða í andstöðu hennar gegn arfleiðslugerningi. Hvorki þessi læknir né annar hafi treyst sér til þess að staðfesta, að Laufey hafi verið fær um að gera arfleiðslugerning eða skilja þýðingu hans. Þá er bent á, að margir læknar hafi skoðað Laufeyju, og sé fylgni á milli vottorða þeirra, þótt hver þeirra hafi skoðað hana sjálfstætt.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð fyrra málsins um gildi erfðaskrárinnar 30. og 31. maí 1995 gáfu nokkur vitni skýrslu, og verður framburður þeirra nú rakinn, eftir því sem tilefni er til, svo og framburður sóknaraðila, er einnig gaf skýrslu þá. Við aðalmeðferð þessa máls kom enginn þeirra aftur fyrir dóm, en lögmaður sóknaraðila hafði lagt fram endurrit yfirheyrslnanna, og vitnuðu lögmenirnir til þeirra í málflutningi. Varnaraðili hefur ekki gefið skýrslu í málinu, en hann er búsettur erlendis. Í upphafi þykir þó rétt að gera nokkra grein fyrir sjónarmiðum hans, eins og þau birtast í skýrslu frá honum, sem er á meðal gagna málsins.

Varnaraðili segir frá því, að í desember 1986 hafi móðir sín, Laufey Guðmundsdóttir, komið í heimsókn til sín og dvalist hjá sér í nokkrar vikur. „Var hún þá orðin mjög utan við sig og vissi oft og tíðum ekki, hvar hún var eða hvert hún hefði farið deginum áður. Í fyrsta skipti á ferðalögum hennar þurfti að setja nafn hennar og ákvörðunarstað á kápu hennar, og var fengin aðstoð flugfélags til að taka á móti henni og koma henni í rétta flugvél.“ Þá segir frá því, að árið 1987 hafi komið til tals, að hún færi á elliheimili, „því að hún sé svo erfið og utan við sig“. Af þessu hafi þó ekki orðið, mest vegna góðra leigjenda, er hafi verið henni hjálplegir. Varnaraðili kvaðst oft hafa reynt að hringja til hennar, en það hafi verið eins og hún hafi ekki þekkt sig. Árið 1989 kvaðst hann hafa komið í stutta heimsókn til landsins með konu sína og dóttur. Þá hafi minni móður sinnar verið orðið svo slæmt, að hún hafi oft ekki þekkt sig og alls ekki konu sína og dóttur.

Sóknaraðili bar fyrir dómi, að hún hefði komið til ömmu sinnar, Laufeyjar Guðmundsdóttur, níu mánaða gömul og alist upp hjá henni. Annars staðar í gögnum málsins kemur fram, að móðir sóknaraðila hafi dáið árið 1957, en sóknaraðili er fædd 1955. Sóknaraðili kvaðst hafa litið á ömmu sína sem móður sína, og hafi það verið gagnkvæmt. Hafi jafnvel komið til tals, að amma sín ættleiddi sig, en af því hafi ekki orðið, vegna þess að hún hafi ekki viljað taka föðurréttinn af syni sínum. Þegar sóknaraðili hóf sambúð með fyrri manni sínum, kvað hún þau hafa flust í íbúð á efri hæð Langholtsvegur 159. Amma sín hefði ákveðið, að þannig skyldi það vera, hún hefði auk þess ekki viljað vera ein. Árið 1978 fæddist sóknaraðila sonur, er amma sín hefði tekið miklu ástfóstri við. Sóknaraðili og fyrri maður hennar slitu samvistir, og fluttist sóknaraðili þá af Langholtsveginum, en fyrri maðurinn bjó þar áfram. Síðar hafi sóknaraðili og seinni maður hennar flust á Langholtsveginn að beiðni ömmu hennar, sem vildi ekki búa þar ein. Þar hafi þau búið, er erfðaskráin var gerð í janúar 1989.

Sóknaraðili kvað ömmu sína alltaf hafa talað um, að hún ætti að fá íbúð-

ina uppi, og hafi hún verið lítil stúlka, þegar amma sín hafi fyrst rætt um það. Um þetta hafi allir vitað, meira að segja varnaraðili. Oft hafi verið rætt um að ganga frá þessu, en amma sín hafi alltaf dregið það, eins og kemur fyrir hjá gömlu fólki. Þegar erfðaskráin var svo gerð, hafi amma sín vitað fullkomlega, hvað hún var að gera, og sóknaraðili, eiginmaður hennar og vottarnir talið hana fullfæra um að gera erfðaskrá. Sóknaraðili kvaðst hafa kallað til vottana, er væru vinkonur sínar, frá því að hún var lítil stúlka.

Eiginmaður sóknaraðila, Friðrik Friðriksson lögfræðingur, samdi erfðaskrána. Hann bar fyrir dómi, að sóknaraðili hefði farið þess á leit við ömmu sína, að hún gerði erfðaskrá, er lengi hefði staðið til að gera. Hann kvað Laufeyju hafa undirritað skrána í sinni viðurvist, og hefði hún skilið fullkomlega, hvað hún hefði verið að gera. Ráðstöfun þá, sem gerð var með skránni, kvað hann hafa lengi staðið til að gera, löngu áður en hann hafi kynnst sóknaraðila. Kvað hann sóknaraðila hafa sagt sér þetta, en ekki hefði hann heyrt Laufeyju gera það. Hann kvað sig og sóknaraðila hafa haft frumrit skrárinnar undir höndum, en það hefði horfið, er þau bjuggu á Langholtsveginum.

Vottar að erfðaskránni eru mæðgurnar Guðrún Auðunsdóttir og Elísa Sigurðardóttir. Þær hafa báðar komið fyrir dóm og staðfest undirritun sína undir skrána.

Guðrún bar, að þær Laufey hefðu umgengist mjög mikið, enda nágrannar og sóknaraðili leikið sér mikið með börnum sínum. Hún kvaðst muna eftir því, þegar sonur sóknaraðila, sem er fæddur 1978, hefði verið fimm til sex ára, að Laufey hefði sagt sér, að sóknaraðili ætti að fá risibúðina, því að hún ætti ekki neitt. Nánar tiltekið hefði Laufey orðað þetta svo: „Ég ætla að láta Laufeyju hafa risið, af því að hún á ekkert.“ Þetta kvað Guðrún Laufeyju hafa margoft sagt sér. Sóknaraðili hafi verið eins og barn Laufeyjar, sem hafi verið mjög umhugað um velferð hennar. Guðrún kvað Laufeyju hafa verið vel erna, þegar hún undirritaði erfðaskrána, og reyndar kvaðst hún aldrei hafa orðið vör við, að hún væri gleymin. Hún kvað hana hafa verið búna að ræða það við sig, að hún yrði vottur á erfðaskránni.

Elísa kvaðst hafa kynnst Laufeyju, þegar hún hafi verið átta til níu ára gömul, en þær hefðu verið nágrannar. Hún kvað Laufeyju margsinnis hafa sagt, að sóknaraðili ætti að fá efri hæð hússins á Langholtsveginum, og m. a. heyrt hana minnst á það við móður sína árið 1988. Elísa kvaðst hafa verið til kvödd af sóknaraðila til að votta erfðaskrána, og hefði Laufey undirritað skrána heima hjá sér á Langholtsvegi 159 að sér viðstaddri. Elísa bar, að Laufey hefði ekki verið kölluð og sér fullkomlega meðvituð um, hvað hún var að gera og hvers konar skjal hún var að undirrita.

Pá komu fyrir dóm þrjú vitni, er báru um kynni sín af Laufeyju Guðmundsdóttur og fjölskyldu sóknaraðila.

Guðrún Sigurjónsdóttir kvaðst hafa kynnst Laufeyju um 1982 til 1983 og haldið kynnum við hana, allt þar til hún fór á öldrunardeildina í Hátúni. Hún kvaðst ekki muna sérstaklega eftir henni í janúar 1989, en áður en hún fór á deildina, hefði hún verið orðin gleymin, og vildi Guðrún kalla hana elliæra. Laufey hefði stundum þekkt sig og stundum ekki. Hún kvað þær aldrei hafa rætt fjármál og gerð erfðaskrár ekki borið á góma í viðræðum þeirra.

Áslaug Sigurbjörnsdóttir, föðursystir eiginmanns sóknaraðila, kvaðst hafa kynnst Laufeyju, þegar sóknaraðili og bróðursonur sinn giftust, og síðan hitt hana í fjölskylduboðum. Hún mundi eftir einu slíku 14. janúar 1989, á afmælisdegi bróðursonar síns. Pá hafi Laufey komið sér fyrir sjónir sem ern, gömul kona, ákveðin í skoðunum, er hafi rætt um fjölskyldu sína, sem hún hafi borið mikla umhyggju fyrir. Hið eina, sem hafi amað að, var, að hún heyrði illa. Laufeyju hafi verið mjög umhugað um velferð fjölskyldu sóknaraðila og viljað, að hún byggi áfram á efri hæð heimilis síns á Langholtsveginum.

Séra Ragnar Fjalar Lárusson, sem er kvæntur móðursystur eiginmanns sóknaraðila, vann ýmis prestsverk fyrir fjölskyldu sóknaraðila og kynntist þannig Laufeyju. Hann kvaðst hafa rætt við hana og fundið, að hún bar mjög hlýjan hug til sóknaraðila og fjölskyldu hennar og verið umhugað um velferð hennar. Hins vegar kvaðst hann ekki minnast þess, að á góma hafi borið í viðræðum sínum við Laufeyju, að til staði, að hún arfleiddi sóknaraðila.

Magnús Sigurðsson, læknir á Kumbaravogi, gaf vottorð um ástand Laufeyjar 28. nóvember 1990, og staðfesti hann það fyrir dómi. Í framburði hans kom fram, að Laufey hefði komið á Kumbaravog 22. maí 1990, og sá hann hana fyrst, eftir að hún kom þangað. Hann kvaðst hafa gefið vottorðið að beiðni ættingja hennar. Þar sem vottorð þetta er gefið tæpum tveimur árum eftir, að erfðaskráin var gerð, og Magnús gat ekkert borið um ástand Laufeyjar á þeim tíma, er hún var gerð, er þarflaust að rekja framburð hans frekar.

Í læknisvottorði um Laufeyju, sem Þór Halldórsson, yfirlæknir öldrunarlækningadeildar Landspítalans undirritar, segir, að hún hafi verið skoðuð af Jóni Snædal, lækni á deildinni, 10. janúar 1989 og ástæðan verið rannsókn á heilabilunareinkennum (dementiu). Síðan segir orðrätt: „Fram kemur í sjúkrasögu, að tveim árum áður hafði farið að bera á áttunarleysi, ranghugmyndum og minnisskerðingu, sem virtist fara hægt í vöxt. 1987 voru teknar

tölvusneiðmyndir vegna vaxandi rugls. Innritaðist á dagspítala öldrunar-lækningadeildar 28. 2. '89. Komu þar fram veruleg merki um heilabilun og skerðing á ýmsum prófum á vitrænni starfsemi, sem notuð eru til greiningar á skertri heilastarfsemi. Mikil heyrnarskerðing torveldaði þó framkvæmd slíkra prófa að nokkru. Hún gat ekki séð um athafnir daglegs lífs, svo sem persónuleg þrif eða matseld.“

Fyrir dómi staðfesti Þór Halldórsson vottorðið. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með Laufeyju fyrr en um það leyti, er hún fluttist á Kumberavog í maí 1990, og verður því framburður hans ekki rakinn frekar.

Meðal gagna málsins er hluti af sjúkraskrá Laufeyjar, ritaður eftir nótu Jóns Snædal, sérfræðings í öldrunarlækningum, 10. janúar 1989, daginn áður en erfðaskráin var gerð. Þar segir svo um heilsufar Laufeyjar, að hún hafi lengst af verið heilsuhraust, en búið síðustu áratugi við vaxandi heyrnarskerðingu. Hún hafi ekki legið á sjúkrahúsi undanfarna einn til tvo áratugi og taki engin lyf. Síðan segir orðrétt: „Fór allra sinna ferða í strætisvögnum þar til fyrir tveimur árum. Um það leyti fór hún til Bandaríkjanna til sonar síns, og þegar hún kom til baka, var farið að bera á áttunarleysi. Hún hefur líklega gert sér grein fyrir því sjálf, því að hún fór að halda sig inni við og hætti að fara út á meðal fólks, og á þessu ári hefur hún nánast ekkert farið að heiman. Nokkuð hefur borið á paranoid-hugmyndum um, að verið sé að stela frá henni, og ýmsar hugmyndir aðrar hefur hún haft, svo sem að barnabarnabarn hennar væri hennar eigið, og er hún gjarnan að koma því í fóstur til dótturdóttur sinnar, sem í reynd á barnið. Þau verða oft vör við hana um nætur, en hún sækir aldrei út. Er hætt að elda og hætt að þrifa hjá sér, og annast sonardóttir hennar það. Minnisskerðing virðist hægt og þétt færast í vöxt. Fer allra sinna ferða innan húss, m. a. upp stigana eftir vild.“

Laufeyju er svo lýst, að hún sé grannvaxin, fölleit, fremur kvik í hreyfingum, en þó ekki fyllilega örugg til gangs. „Gerir sér grein fyrir því, hvar hún er stödd, og segir mér m. a., að bróðir sinn búi hér, sem reynist vera rétt. Segir rétt til um aldur og heimilisfang. Tjáskipti erfið, því að hún er nánast heyrnarlaus.“

Jón Snædal skoðaði Laufeyju oftár en einu sinni í janúar 1989 að beiðni sóknaraðila, og var ástæðan sú, að sóknaraðili hafði áhyggjur af næringar-ástandi hennar og því, hversu erfið hún var orðin í umgengni. Jón bar fyrir dómi, að Laufey hefði verið ákveðin og haft skoðanir á því, hvað hún vildi gera, og því, sem hún vildi ekki gera. Hún hefði haft mótaðar hugsanir og hugmyndir um, hvað hún vildi láta gera við sig og sitt, og kvaðst hann á þessum tíma ekki myndu hafa vottað, að svipta bæri hana sjálfræði. Hann kvað hana hafa verið staðfasta í skoðunum og þannig samkvæma sjálfri sér,

jafnvel þótt minnið væri bilað og hún myndi ekki, hvaða dagur væri, og gæti ekki annast einföld mál fyrir sig, eins og að skipta ávísun í banka. Taldi læk'nirinn því, að Laufey myndi hafa haft fastmótaða skoðun á því, hverjum bæri íbúð hennar, hvort sem væri í sölu eða að gjöf, hvað svo sem öðrum myndist um þá skoðun hennar. Hann kvaðst ekki minnst þess, að fjármál hefði borið á góma í viðtölum sínum við Laufeyju, og henni ekki verið skýrt frá því, hvers væri að vænta um heilsu hennar. Sóknaraðila hefði hins vegar verið skýrt frá því, að Laufey myndi þurfa á vaxandi umönnun að halda vegna hrönnunarsjúkdóms í heila, er myndi ágerast.

Hér að framan kom það fram, að sóknaraðili ólst upp hjá ömmu sinni, Laufeyju Guðmundsdóttur, og var henni sem dóttir. Vitni hafa borið, að Laufey hafi borið mikla umhyggju fyrir sóknaraðila og fjölskyldu hennar og lengi staðið til að gera ráðstöfun þá, sem Laufey gerði með erfðaskránni. Þegar litið er til tengsla þeirra, verður þessi ráðstöfun vart talin óeðlileg.

Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er erfðaskrá því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Vottarnir að erfðaskránni hafa báð-ir borið, að hún hafi verið í samræmi við vilja Laufeyjar og hún verið fullfær um að taka þessa ákvörðun. Með framburði Jóns Snædal verður og að telja sannað, að Laufey hafi verið fullfær um að taka ákvörðun sem þessa, þrátt fyrir það að hún hafi verið farin að hrörna andlega, eins og rakið var. Verður hér sérstaklega að hafa í huga, að Jón skoðar hana og ræðir oft við hana einmitt á sama tíma og skráin er gerð. Aðrir læk'nar, sem getið var um hér að framan, sáu hana fyrst, eftir að erfðaskráin var gerð, og fóru að verulegu leyti eftir upplýsingum frá öðrum.

Með vísan til framanritaðs hafnar dómurinn þeirri málsástæðu varnaraðila, að Laufey Guðmundsdóttir hafi í janúar 1989 verið ófær um að gera erfðaskrána.

Þá hefur varnaraðili borið því við, að Laufey Guðmundsdóttir hafi ekki undirritað erfðaskrána. Hins vegar hafa vottarnir að skránni borið, að hún hafi undirritað hana, og auk þess hafa verið lögð fram sýnishorn af rithendi Laufeyjar, er líkjast verulega undirrituninni á erfðaskránni, meðal annars skjal, gert í nóvember 1988, er varðar skiptingu Langholtsvegar 159. Á þetta skjal hefur Laufey ritað nafn sitt, og er sú skrift verulega lík þeirri, sem er á erfðaskránni. Vottarnir að erfðaskránni votta einnig þetta skjal og hafa staðfest, að Laufey hafi undirritað það. Gegn þessu hefur varnaraðili hvorki sannað né reynt að sanna, að annar maður en Laufey Guðmundsdóttir hafi undirritað erfðaskrána, heldur látið við það sitja að benda á, að í nafnritunina á erfðaskránni vanti eitt strik. Rétt þykir að geta þess, að öll

Þessi skjöl liggja aðeins fyrir í ljósríti og hafa ekki verið rannsökuð af kunn-
áttumönnum. Verður þessari málsástæðu varnaraðila því hafnað.

Samkvæmt framansögðu er krafa sóknaraðila tekin til greina og erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, metin gild.

Rétt þykir, að málskostnaður á milli aðila falli niður, en gjafsóknarkostnaður sóknaraðila skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigurbjörns Magnússonar hrl., 150.000 kr., auk virðis-
aukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila er tekin til greina, og er erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, metin gild.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður, en gjafsóknarkostnaður sóknaraðila skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigurbjörns Magnússonar hrl., 150.000 kr., auk virðis-
aukaskatts.
